Skilmálar fyrir fjarskiptaþjónustu hjá Tali

Eftirfarandi skilmálar gilda um alla fjarskiptaþjónustu sem Tal, skráð IP fjarskipti ehf., kt. 681201-2890, veitir nema sérákvæði í sérstökum skilmálum eða samningum mæli á annan veg. Tal áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum, þjónustu og verði. Breytingar eru kynntar á vefsíðu Tals, www.tal.is, með a.m.k. mánaðar fyrirvara áður en þær taka gildi. Þegar um er að ræða hækkun á gjaldskrá eða breytingar á skilmálum eða þjónustu sem eru viðskiptavini í óhag skal hverjum og einum viðskiptavini tilkynnt um breytingarnar sérstaklega , s.s. með heimsendum reikningum eða með rafrænum reikningum í heimabanka. Tal áskilur sér rétt til að senda viðskiptavinum tilkynningar um breytingar á gjaldskrá, skilmálum eða þjónustu með tölvupósti eða SMS skilaboðum. Með slíkri tilkynningu skal ávallt gefa viðskiptavinum kost á að afskrá sig af slíkum póstlistum og skal þá senda þeim tilkynningar um breytingar á annan sannanlegan hátt, s.s. með heimsendum reikningum.

Viðskiptavinir á einstaklingsmarkaði eiga rétt á að segja upp samningi fyrirvaralaust ef þeir sætta sig ekki við nýja skilmála, gjaldskrá eða breytingu á þjónustu sem tilkynnt er til þeirra og eru þeim í óhag. Í tilkynningu um slíkar breytingar ber Tali að upplýsa viðskiptavini sérstaklega um þennan uppsagnarrétt. Skulu viðskiptavinir tilkynna uppsögn til Tals í síðasta lagi einum mánuði eftir að tilkynning frá Tali berst þeim.

Sá sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu Tals, viðskiptavinur, skuldbindur sig við undirritun eða staðfestingu samnings um fjarskiptaþjónustu að hlíta þeim kjörum og skilmálum sem gilda um þjónustu Tals. Ef Tal gerir ekki athugasemdir við samninginn innan tveggja vikna frá því að aðgangur að þjónustu er veittur, er kominn á bindandi þjónustusamningur.

I 3 eða 6 vinir óháð kerfi

1. gr. Almennir skilmálar

Í þessum skilmálum er kveðið á um réttindi og skyldur viðskiptavina Tals sem skráðir eru í áskriftaleiðina „Þrír eða sex vinir óháð kerfi“. Almennir skilmálar Tals um fjarskiptaþjónustu gilda þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Stangist ákvæði Almennra skilmála um farsímaþjónustu og þessir skilmálar á, skulu ákvæði þessara skilmála gilda.

II Innifalin notkun og afsláttarkjör í 3 vinir óháð kerfi

1. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í áskrift

Ákveðið magn notkunar í vinanúmer er innifalin í „Þrír vinir óháð kerfi“. Viðskiptavin er heimilt að hringja í 1.200 mínútur og senda 1.200 SMS skilaboð í hverjum almanaksmánuði í þrjú innlend símanúmer óháð kerfi. Númerin eru að eigin vali og ekki er greitt upphafsgjald fyrir símtöl í símanúmerin þrjú sem valin eru af viðskiptavini.

Ofangreind afsláttarkjör má nýta þegar hringt er eða SMS skilaboð sent í þau númer sem viðskiptavinur hefur tilgreint á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki í símtöl af öðru tagi en greint er frá að ofan.

Leyfilegt er fyrir viðskiptavin að breyta þeim símanúmerum sem unnt er að hringja í og senda SMS skilaboð til án viðbótargjaldtöku, sbr. ofangreint, einu sinni á 30 daga fresti. Breytinguna gerir viðskiptavinur á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Breyting vinanúmera er alfarið á ábyrgð viðskiptavinar og er Tal ekki endurgjaldskræft ef að rangt vinanúmer er tilgreint. Miðað er við að breytingin taki gildi innan 1 klst. Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Þremur vinum óháð kerfi“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

2. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í frelsi

Ákveðið magn notkunar í vinanúmer er innifalin í „Þrír vinir óháð kerfi“. Viðskiptavini er heimilt að hringja í 70 mínútur og senda 70 SMS skilaboð á dag í 30 daga eftir að lagðar hafa verið inn 1.000 kr. á símanúmer viðskiptavinar. Inneignin nýtist þá í önnur símtöl og SMS skilaboð en skráða vini eða í símtöl og SMS skilaboð umfram innifalda notkun. Númerin eru að eigin vali og ekki er greitt upphafsgjald fyrir símtöl í símanúmerin þrjú sem valin eru af viðskiptavini.

Ofangreind afsláttarkjör má nýta þegar hringt er eða SMS skilaboð sent í þau númer sem viðskiptavinur hefur tilgreint á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar inneign hefur farið niður í 0 kr. eða þegar að viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki í símtöl af öðru tagi en því er greint er frá að ofan.

Leyfilegt er fyrir viðskiptavin að breyta þeim símanúmerum sem unnt er að hringja í og senda SMS skilaboð til án viðbótargjaldtöku, sbr. ofangreint, einu sinni á 30 daga fresti. Breytinguna gerir viðskiptavinur á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Breyting vinanúmera er alfarið á ábyrgð viðskiptavinar og er Tal ekki endurgjaldskræft ef rangt vinanúmer er tilgreint. Miðað er við að breytingin taki gildi innan 1 klst.

Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Þremur vinum óháð kerfi“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

3. gr. Breytingar á áskriftaleiðum

Breyting á núverandi áskriftarleið yfir í „Þrjá vini óháð kerfi“ verður virk innan sólahrings fyrir viðskiptavini í frelsi en breyting tekur gildi 1. næsta mánaðar á nýju reikningstímabili fyrir viðskiptavini í áskrift.

III Innifalin notkun og afsláttarkjör í 6 vinir óháð kerfi

1. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í áskrift

Ákveðið magn notkunar í vinanúmer er innifalið í „Sex vinir óháð kerfi“. Viðskiptavini er heimilt að hringja í 1.200 mínútur og senda 1.200 SMS skilaboð í hverjum almanaksmánuði í sex innlend símanúmer óháð kerfi. Númerin eru að eigin vali og ekki er greitt upphafsgjald fyrir símtöl í símanúmerin sex sem valin eru af viðskiptavini.

Ofangreind afsláttarkjör má nýta þegar hringt er eða SMS skilaboð eru send í þau númer sem viðskiptavinur hefur tilgreint á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki í símtöl af öðru tagi en greint er frá að ofan.

Leyfilegt er fyrir viðskiptavin að breyta þeim símanúmerum sem unnt er að hringja í og senda SMS skilaboð til án viðbótargjaldtöku, sbr. ofangreint, einu sinni á 30 daga fresti. Breytinguna gerir viðskiptavinur á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Breyting vinanúmera er alfarið á ábyrgð viðskiptavinar og er Tal ekki endurgjaldskræft ef rangt vinanúmer er tilgreint. Miðað er við að breytingin taki gildi innan 1 klst.

Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Sex vinum óháð kerfi“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

2. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í frelsi

Ákveðið magn notkunar í vinanúmer er innifalið í „Sex vinir óháð kerfi“. Viðskiptavinur getur talað í símann í 70 mínútur og sent 70 SMS skilaboð á dag í 30 daga eftir að lagðar hafa verið inn 2.000 kr. á símanúmer viðskiptavinar. Inneignin nýtist þá í önnur símtöl og SMS skilaboð en skráða vini eða í símtöl og SMS skilaboð umfram innifalda notkun. Númerin eru að eigin vali og ekki er greitt upphafsgjald fyrir símtöl í símanúmerin sex sem valin eru af viðskiptavini.

Ofangreind afsláttarkjör má nýta þegar hringt er eða SMS skilaboð sent í þau númer sem viðskiptavinur hefur tilgreint á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar inneign hefur farið niður í 0 kr. eða þegar að viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki í símtöl af öðru tagi en ofangreinir.

Leyfilegt er fyrir viðskiptavin að breyta þeim símanúmerum sem unnt er að hringja í og senda SMS skilaboð til án viðbótargjaldtöku, sbr. ofangreint, einu sinni á 30 daga fresti. Breytinguna gerir viðskiptavinur á „Mitt GSM“, eigin síðu viðskiptavina á vefsvæði Tals, www.tal.is. Breyting vinanúmera er alfarið á ábyrgð viðskiptavinar og er Tal ekki endurgjaldskræft ef að rangt vinanúmer er tilgreint. Miðað er við að breytingin taki gildi innan 1 klst.

Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Þremur vinum óháð kerfi“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

3. gr. Breytingar á áskriftaleiðum

Breyting á núverandi áskriftarleið yfir í „Sex vini óháð kerfi“ verður virk innan sólahrings fyrir viðskiptavini í frelsi en breyting tekur gildi 1. næsta mánaðar á nýju reikningstímabili fyrir viðskiptavini í áskrift.

IV Innifalin notkun og afsláttarkjör í áskrift Frítt Tal í Tal

1. gr. Almennir skilmálar

Í þessum skilmálum er kveðið á um réttindi og skyldur viðskiptavina Tals sem skráðir eru í áskriftaleiðina „Frítt Tal í Tal“. Almennir skilmálar Tals um fjarskiptaþjónustu gilda þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Stangist ákvæði Almennra skilmála um farsímaþjónustu og þessir skilmálar á, skulu ákvæði þessara skilmála gilda.

2. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í áskrift

Ákveðið magn notkunar í Frítt Tal í Tal er innifalin. Viðskiptavin er heimilt að hringja í 1.000 mínútur og senda 1.000 SMS skilaboð í hverjum almanaksmánuði í símanúmer skráð hjá Tali, hvort sem að um ræðir heimasíma eða GSM. Ekkert upphafsgjald er greitt fyrir símtöl í símanúmer skráð hjá Tali.

Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki í símtöl af öðru tagi en þau sem greint er frá að ofan. Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Frítt Tal í Tal“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

3. gr. Innifalin notkun og afsláttarkjör í frelsi

Ákveðið magn notkunar í „Frítt Tal í Tal“ er innifalin. Viðskiptavinur getur talað í símann í 70 mínútur og sent 70 SMS skilaboð á dag í 30 daga eftir að lagðar hafa verið inn 500 kr. á símanúmer viðskiptavinar. Inneignin nýtist þá í önnur símtöl og SMS skilaboð en símanúmer sem eru skráð hjá Tali.

Ekkert upphafsgjald er greitt fyrir símtöl í símanúmer skráð hjá Tali. Ekki er unnt að nýta þjónustuna þegar inneign hefur farið niður í 0 kr. eða þegar að viðskiptavinur er staddur erlendis. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá Tals fyrir reikisímtöl. Afsláttarkjörin nýtast ekki til þess að framkvæma símtöl af öðru tagi en ofangreinir.

Ef innifalin notkun er ekki fullnýtt í lok hvers mánaðar fyrnist notkunin. Réttur viðskiptavinar til þess að nýta hana fellur niður þegar notkunin fyrnist. Öll notkun sem ekki er innifalin í „Frítt Tal í Tal“, samkvæmt ofangreindu, er gjaldfærð í samræmi við verðskrá Tals.

4. gr. Breytingar á áskriftaleiðum

Breyting á núverandi áskriftarleið yfir í „Frítt Tal í Tal“ verður virk innan sólahrings fyrir viðskiptavini í frelsi en breyting tekur gildi 1. næsta mánaðar á nýju reikningstímabili fyrir viðskiptavini í áskrift.